

2002 nr. 80 10. maí**Barnaverndarlög¹⁾**

¹⁾ 60. og 64. gr. laganna var breytt með l. 117/2016, 85. og 86. gr.; breytingarnar taka gildi 1. jan. 2018 skv. 90. gr. s.l.

Tóku gildi 1. júní 2002, sjá þó 101. gr. Breytt með l. 62/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 52/2009 (tóku gildi 1. maí 2009), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 80/2011 (tóku gildi 29. júní 2011 nema a-liður 45. gr., 50.–52. gr., a-liður 53. gr. og l., 3. og 4. másl. b-liðar 53. gr. sem tóku ekki gildi, sbr. l. 134/2013, 4. gr.), l. 85/2011 (tóku gildi 30. júní 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 138/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 58/2012 (tóku gildi 27. júní 2012), l. 134/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014), l. 85/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða I sem tóku gildi 24. júlí 2015), l. 80/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 114. og 115. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2016) og l. 117/2016 (taka gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og jafnréttismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið barnaverndarlaga o.fl.**■ 1. gr. Réttindi barna og skyldur foreldra.**

□ Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

□ [Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppekkisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppekkissáttæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.]¹⁾

¹⁾ L. 52/2009, 1. gr.

■ 2. gr. Markmið og lögsaga.

□ Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldislutverki sínu og beita úrræðum til vendar einstökum börnum þegar það á við.

□ Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

■ 3. gr. Skýring hugtaka.

□ Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

□ Með barnaverndaryfirvöldum er átt við [ráðuneytið],¹⁾ Barnaverndarstofu, [úrskurðarnefnd velferðarmála]²⁾ og barnaverndarnefndir.

□ [Með foreldrum er átt við foreldra skv. I. kafla barnalaga. Í lögum þessum er með foreldrum einnig að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.]³⁾ Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga.

¹⁾ L. 126/2011, 346. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr. ³⁾ L. 80/2011, 1. gr.

■ 4. gr. Meginreglur barnaverndarstarfs.

□ Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

□ Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

□ Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

□ Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenningur til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

□ Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. kafli. Yfirstjórn barnaverndarmála.**■ 5. gr. Hlutverk [ráðuneytisins].¹⁾**

□ Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir [ráðuneytið].²⁾ Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyrir fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

□ Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Það getur krafist upplýsinga um einstök mál á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr. ²⁾ L. 126/2011, 346. gr.

■ 6. gr. [Úrskurðarnefnd velferðarmála].

□ Heimilt er að skjóta úrskurðum og stjórnisýsluákvörðunum barnaverndarnefnda, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. 15. gr., 66. gr., 3. mgr. 84. gr., 4. mgr. 89. gr. c og 2. mgr. 91. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ 7. gr. Barnaverndarstofa.

□ Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾ Barnaverndarstofa annast stjórnisýslu á því sviði sem löggin ná til. [Ráðherra]¹⁾ ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

□ Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera [ráðherra]¹⁾ til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar.

□ Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

□ Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

□ Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast

enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

□ Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. [Barnaverndarstofa getur einnig rekið sérhæfð úrræði fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda í samstarfi við önnur yfirvöld, t.d. á sviði fötlunar eða félags- eða heilbrigðisþjónustu.]²⁾ Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldreif vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértaeku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljóta af þjónustunni.

□ Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

□ Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr. ²⁾ L. 80/2011, 3. gr.

■ **8. gr.** *Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.*

□ Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

□ Barnaverndarstofa getur auk þess krafð barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

□ Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

□ Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem til efni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn og [ráðuneytinu]¹⁾ aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar. [Vanræki sveitarstjórn þær skyldur er hvíla á sveitarfélaginu getur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gripið verði til úrræða samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.]²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr. ²⁾ L. 80/2011, 4. gr.

■ **9. gr.** *Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.*

□ Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send [ráðuneytinu]¹⁾ og Barnaverndarstofu.

□ Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr.

III. kafli. Barnaverndarnefndir.

■ **10. gr.** *Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.*

□ Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

□ Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1.500.

□ Heimilt er sveitarstjórn að fela . . .¹⁾ stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

□ Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

¹⁾ L. 138/2011, 134. gr.

■ **11. gr.** *Skipan barnaverndarnefndar.*

□ Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.

□ Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

□ Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

□ Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur [ráðherra]¹⁾ áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. [Ráðherra]¹⁾ getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. másl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1.500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

□ Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr.

■ **12. gr.** *Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.*

□ Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háterni og upplýsingaskilyrði barna og meta sem fyrst þarfar þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.

2. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.

3. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

□ Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

■ **13. gr. Sjálfstæði barnaverndarnefnda.**

□ Sveitarstjórnunum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

□ Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

□ Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

■ **14. gr. Starfslið barnaverndarnefnda.**

□ Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

□ Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sam-eiginlegt starfsmannahald og sérfræðisþjónustu.

□ Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

□ [Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum, taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu skv. 30. gr. og taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 5. gr.

■ **15. gr. Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.**

□ Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

□ [Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál til meðferðar skal nefndin tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfelli í vinnslu og meðferð málsins.]¹⁾

□ Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. [Ef

ágreiningur rís milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa ákveðið hvar barn telst eiga fasta búsetu, svo og mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess.]¹⁾ Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

□ Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

□ [Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.]¹⁾ Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst. [Ef fylgdarlaust barn sækir um alþjóðlega vernd tryggir Barnaverndarstofa hagsmuni þess eftir því sem nánar er kveðið á um í ákvæðum laga um útlendinga.]²⁾

□ [Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt [alþjóðleg vernd]²⁾ eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun [samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um slíkan kostnað og útlagðan kostnað skv. 5. mgr.]²⁾¹⁾

□ [Barnaverndarnefndir sem í hlut eiga geta skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. til [úrskurðarnefndar velferðarmála].³⁾¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 6. gr. ²⁾ L. 80/2016, 123. gr. ³⁾ L. 85/2015, 13. gr.

IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

■ **16. gr. Tilkynningarskylda almennings.**

□ [Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

□ Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 7. gr.

■ **17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.**

□ [Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.]¹⁾

□ Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum]¹⁾ og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða

ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppedi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

□ Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur fram- ar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

¹⁾ L. 80/2011, 8. gr.

■ **18. gr.** *Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.*

□ [Ef lögregla verður þess vör að barn búi við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að barn hafi framið eða framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum þessum eða brot gegn öðrum lögum sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins.]¹⁾ Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

□ [Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.]²⁾

¹⁾ L. 80/2011, 9. gr. ²⁾ L. 52/2009, 2. gr.

■ **19. gr.** *Nafnleynd tilkynnanda.*

□ Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

□ Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. [Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾ Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.]²⁾

□ Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 10. gr.

■ **20. gr.** *Samstarf við barnaverndaryfirvöld.*

□ Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

□ Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlög foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlög foreldris.

□ Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

□ [Ráðherra]¹⁾ getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr.

V. kafli. Upphaf barnaverndarmáls.

■ **21. gr.** *Málsmeðferð vegna tilkynninga.*

□ Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, [öfbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra]¹⁾ eða eigin hegðunar þess [eða að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr.],¹⁾ skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

□ Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

□ ...¹⁾

□ [Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða að hefja ekki könnun er hvorki kæránleg til [úrskurðarnefndar velferðarmála]²⁾ né annars stjórnvalds.]¹⁾ Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni [innan viku frá því að ákvörðunin var tekin].¹⁾ Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. [Barnaverndarnefnd ber einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almenningar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.]¹⁾

□ Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

□ Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð³⁾ sem [ráðherra]⁴⁾ setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ L. 80/2011, 11. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr. ³⁾ Rg. 56/2004. ⁴⁾ L. 162/2010, 24. gr.

■ **22. gr.** *Markmið könnunar máls.*

□ Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

□ Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

VI. kafli. Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

■ **23. gr.** *Áætlun um meðferð máls.*

□ Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. [Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli á þessu stigi geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾²⁾

□ Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls.

Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum. [Ákvörðun barnaverndarnefndar um að loka máli þegar áætlun rennur út geta foreldrar skotið til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾]²⁾

□ [Barnaverndarnefnd skal ætíð meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar. Sérstaklega ber að meta þörf á samstarfi við þá sem vinna með málefni viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. Ef barnaverndarnefnd telur hagsmunum barns kalla á samstarf við þessa aðila ber nefndinni að leggja áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.]²⁾

□ Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 12. gr.

■ **24. gr. Úrræði með samþykki foreldra.**

□ Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

- leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
- stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
- útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
- útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
- aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

□ Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

□ Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldra sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársamnings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

■ **25. gr. Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.**

□ Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

- tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

□ Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímaþvæmdar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða [og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess].¹⁾ [Ef fóstur eða vistun varir þar til barn verður lögráða ber barnaverndarnefnd eigi síðar en þremur mánuðum áður en það verður 18 ára að meta þarf barnsins fyrir frekari úrræði. Barnaverndarnefnd getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun haldist eftir að það verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ungmenni getur skotið synjun barnaverndarnefndar, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist

eftir að viðkomandi verður 18 ára, til [úrskurðarnefndar velferðarmála].²⁾]¹⁾

□ Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

□ Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

¹⁾ L. 80/2011, 13. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **26. gr. Úrræði án samþykkis foreldra.**

□ Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

- kveðið á um eftirlit með heimili,
- gefið fyrirsmáli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,
- kveðið á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins],¹⁾

[d.]¹⁾ ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

□ Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímaþvæmdar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

□ [Foreldrar geta skotið úrskurði til [úrskurðarnefndar velferðarmála].²⁾]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 14. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **27. gr. Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.**

□ Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

- kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,
- kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlyningu.

□ Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

■ **28. gr. Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.**

□ Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. [Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi þegar úrskurður dómara er kveðinn upp.]¹⁾

□ [Ef krafist er framlengingar vistunar skv. 27. eða 28. gr.

eða forsjárviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.¹⁾

□ Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

¹⁾ L. 80/2011, 15. gr.

■ **29. gr. Forsjárvipting.**

□ Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,

b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,

c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,

d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hættu búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

□ Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

■ **30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.**

□ Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með lífernri sínu . . .¹⁾ skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáradila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.

□ Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálffræðis samkvæmt ákvæðum lögræðis laga í því skyni að koma konunni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðis laga.

¹⁾ L. 80/2011, 16. gr.

■ **31. gr. Neyðarráðstafanir.**

□ Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangönginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

□ [Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og innan 14 daga kveða upp úrskurð, eða taka ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi skv. 28. eða 29. gr., að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi.]¹⁾ Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

□ Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

¹⁾ L. 80/2011, 17. gr.

■ **32. gr. Skipan lögráðamanns.**

□ Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.

□ Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

■ **33. gr. Umsjá barns sem vistast utan heimilis.**

□ Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um tryggja umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

□ Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

□ Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

□ [Val barnaverndarnefndar á þeim sem tekur að sér að annast barn sem vistað er utan heimilis skv. 25. og 27.–29. gr. er ekki kærnanlegt til [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ eða annars stjórnvalds, sbr. þó 67. gr. b.]²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 18. gr.

■ **34. gr. Endurskoðun ráðstafana.**

□ Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

□ Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert [kröfu á hendur barnaverndarnefnd, foreldri sem fer með forsjá skv. 67. gr. a eða 67. gr. b og fósturforeldrum],¹⁾ ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

□ Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

□ Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

□ Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

¹⁾ L. 80/2011, 19. gr.

VII. kafli. Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

■ **35. gr. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.**

□ Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

■ **36. gr. Upplýsingar úr sakaskrá.**

□ [Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðom fyrir brot gegn ákvæðum XX-II. kafla almennra hegningarlaga.]¹⁾ Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík

barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

□ [Við ráðningu til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða á heimilum eða stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Óheimilt er að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og eðlis brotsins.]¹⁾

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 20. gr.

■ **37. gr. Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.**

□ Ef barnaverndarnefnd þykir [heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu eða]¹⁾ barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn [eða þungaða konu].¹⁾ Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns [eða þungaðrar konu].¹⁾ Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga . . . ²⁾ um nálgunarbann [og brottvísun af heimili].³⁾

¹⁾ L. 80/2011, 21. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr. ³⁾ L. 85/2011, 20. gr.

VIII. kafli. Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

■ **38. gr. Gildissvið stjórnýslulaga.**

□ Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

□ Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð¹⁾ um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlaða og um stuðningsúræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ Rg. 56/2004, sbr. 652/2004.

■ **39. gr. Skráning mála.**

□ Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

■ **40. gr. Leiðbeiningarskylda.**

□ Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

■ **41. gr. Rannsóknarregla, málshraði o.fl.**

□ Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

□ Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

■ **42. gr. Skráning upplýsinga.**

□ Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

■ **43. gr. Rannsóknarheimildir.**

□ Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

□ Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýr-ustu nærgætni.

□ Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

□ Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggja samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

□ Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.

■ **44. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.**

□ Öllum heilbrigðis- og sjúkrahöfundum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendum, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té [upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna],¹⁾ þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

□ Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

□ Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té [upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið].¹⁾

□ Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

□ Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur fram- ar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

¹⁾ L. 80/2011, 22. gr.

■ **45. gr. Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.**

□ Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggja þeir trúnað.

□ Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

■ **46. gr. Réttindi barns við málsmeðferð.**

□ Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

□ Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. . . .¹⁾

□ Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls [skal hún taka afstöðu til þess]¹⁾ hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. [Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmans, sbr. 2. mgr. 47. gr.]¹⁾ Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð²⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ L. 80/2011, 23. gr. ²⁾ Rg. 56/2004.

■ **47. gr. Andmælaeigla.**

□ Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmans, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

□ Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmansaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir [úrskurðarnefnd velferðarmála]¹⁾ eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **48. gr. Samþykki foreldra og barns.**

□ Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja . . .¹⁾ manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

¹⁾ L. 80/2011, 24. gr.

■ **49. gr. Ályktunarhæfi og form úrskurða.**

□ Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

□ Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **50. gr. Fullnusta ákvarðana.**

□ Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

□ Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ og dóm-

stóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

□ Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

□ Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

IX. kafli. [Málsmeðferð barnaverndarmála fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.]¹⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **51. gr. Málskot.**

□ [Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði eða ákvörðun skv. [6. gr.]¹⁾ til [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð eða ákvörðun.

□ [Úrskurðarnefndin]¹⁾ getur ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveði upp úrskurð ef mál þykir ekki varða mikilsverða hagsmuni barns.

□ [Úrskurðarnefndin]¹⁾ skal innan tveggja vikna frá því að henni berst kæra taka mál til meðferðar og úrlausnar. [Úrskurðarnefndin]¹⁾ skal kveða upp úrskurð í máli svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

□ [Úrskurðarnefnd velferðarmála]¹⁾ getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur [úrskurðarnefndin]¹⁾ einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 25. gr.

■ **52. gr. [Málsmeðferð barnaverndarmála fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.]¹⁾**

□ Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir [úrskurðarnefnd velferðarmála]¹⁾ eftir því sem við á.

□ Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir [úrskurðarnefndin].¹⁾ Skal málfutningur að jafnaði vera skriflegur en [úrskurðarnefndin]¹⁾ getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málfutning fyrir nefndinni.

□ [Úrskurðarnefndin]¹⁾ skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. [Úrskurðarnefndin]¹⁾ á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. [Úrskurðarnefndin]¹⁾ kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða sérfræðinga.

□ Málskot til [úrskurðarnefndar velferðarmála]¹⁾ frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur [úrskurðarnefndin]¹⁾ þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

X. kafli. Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.

■ **53. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála.**

□ Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

■ **[53. gr. a. Lögsaga.**

□ Dómsmál samkvæmt lögum þessum er unnt að höfða hér á landi ef:

- a. aðili er búsettur hér á landi,
- b. barn er búsett hér á landi eða

c. barn dvelst eða er stadd hér á landi og nauðsynlegt þykir að leita atbeina dómstóla til að tryggja öryggi þess.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 26. gr.

■ **[53. gr. b. Flýtimeðferð.**

□ Mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 26. gr.

■ **54. gr. [Um sérfróða meðdómsmenn og þinghöld.]¹⁾**

□ [Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist verði af hálfu aðila eða máli vísað frá vegna augljósra annmarka.]¹⁾

□ Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

□ . . .]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 27. gr.

■ **55. gr. Aðild barns.**

□ Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

□ Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi. [Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska.]¹⁾

□ . . .]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 28. gr.

■ **56. gr. Sönnun og sönnunargögn.**

□ Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar forsjár skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

□ Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. másl. greiðist úr ríkissjóði.

■ **57. gr. Málsástæður.**

□ Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

■ **58. gr. Um nafnleynd o.fl.**

□ Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

□ Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

■ **59. gr. Áhrif málskots.**

□ Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

■ **60. gr. Gjafsókn.**

□ Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

□ Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. kafli. Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.

■ **61. gr. Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.**

□ Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er

mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. [Ákvæði 53. gr. b og ákvæði 1. mgr. 54. gr. gilda ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 29. gr.

■ **62. gr. Aðild og kröfugerð.**

□ Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. . . .]¹⁾

□ [Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili. Þegar barnaverndarnefnd telst varnaraðili er nefndinni heimilt að gera í greinargerð sjálfstæða kröfu um úrskurð skv. 28. gr.

□ Dómari getur ákveðið að sameina mál sem rekin eru á sama tíma skv. X. og XI. kafla.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 30. gr.

■ **63. gr. Þinghöld, sönnunargögn o.fl.**

□ Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds [innan viku]¹⁾ og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

□ Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita [frest sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur]¹⁾ til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. [Þegar sérstaklega stendur á er dómara heimilt að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.]¹⁾

□ Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

□ Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

□ Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega [að jafnaði innan tveggja vikna].¹⁾

□ Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

¹⁾ L. 80/2011, 31. gr.

■ **[63. gr. a. Réttindi barns við málsmeðferð.**

□ Barn sem er aðili máls samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur öll þau réttindi sem aðild fylgja.

□ Gefa skal barni sem ekki er aðili kost á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska nema dómari telji að afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 32. gr.

■ **64. gr. Málskot.**

□ Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

□ Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir.

XII. kafli. Um ráðstöfun barna í fóstur.

■ **65. gr. Fóstur.**

□ [Með fóstur er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjú mánuði þegar fyrir liggur að:

a. foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,

b. kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstura barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,

c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,

d. barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða

e. barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarnefndar eða fær [alþjóðlega vernd]¹⁾ eða dvalarleyfi á Íslandi.²⁾

□ Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fósturi er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrir en að liðnum reynslutíma skal ekki vera lengri en eitt ár. [Með tímabundnu fósturi er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samanlagt lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.]²⁾

□ Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

□ Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

¹⁾ L. 80/2016, 123. gr. ²⁾ L. 80/2011, 33. gr.

■ 66. gr. Leyfisveiting.

□ Þeir sem óska eftir að taka barn í fóstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð.

□ Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í fóstur. [Barnaverndarstofa veitir væntanlegum og starfandi fósturforeldrum fræðslu, almennar leiðbeiningar og annan almennan faglegan stuðning.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ setur reglugerð,³⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur.

¹⁾ L. 80/2011, 34. gr. ²⁾ L. 162/2010, 24. gr. ³⁾ Rg. 804/2004.

■ 67. gr. Val á fósturforeldrum.

□ Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

□ Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. . . .¹⁾ Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess

verði sem minnst. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

□ Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 4. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarpjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu líta háð samþykki Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

¹⁾ L. 80/2011, 35. gr.

■ [67. gr. a. Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

□ Ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns afsalar sér umsjá eða forsjá þess skv. 25. gr., eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr., eða forsjárvipting á sér stað skv. 29. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

□ Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir gilda um það sömu reglur og um tímabundið fóstur eftir því sem við á.

□ Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barns best tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins foreldrisins. Í þeim tilvikum metur barnaverndarnefndin hæfni foreldrisins og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.

□ Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 36. gr.

■ [67. gr. b. Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

□ Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. skal barnaverndarnefnd kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

□ Sé talið barni fyrir bestu að hitt foreldrið taki við umsjá meðan tímabundin ráðstöfun varir metur barnaverndarnefndin hæfi foreldrisins og gerir skriflegan samning um umsjána. Ef barnaverndarnefnd telur barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾

□ Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er eitt svipt forsjá skv. 29. gr. þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá barnsins. Um réttindi barns fer skv. 70. gr.]²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 36. gr.

■ 68. gr. Fóstursamningur.

□ Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. lögheimili barns og daglega umsjá,

b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,

c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr.,

d. framfærslu barns og annan kostnað,

e. umgengni barns við [foreldra]¹⁾ eða aðra nákomna,

f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,

g. slit samnings vegna breyttra forsendna,

h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr., þegar það á við,

i. annað sem málið kann að varða.

¹⁾ L. 80/2011, 37. gr.

■ **69. gr. Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.**

□ Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

□ Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

■ **70. gr. Réttindi barns í fóstri.**

□ [Eftir að foreldri hefur afsalað sér umsjá eða forsjá eða verið svipt umsjá eða forsjá barns samkvæmt ákvæðum laga þessara á barn rétt á umgengni við foreldra eða aðra sem eru því nákomnir enda samrýmist það hagsmunum þess. Um umgengni fer í öllum tilvikum skv. 74. gr. óháð því hver tekur við umsjá eða forsjá barns.

□ Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning samkvæmt fóstursamningi á meðan fóstur varir. Ef foreldri barns tekur við umsjá eða forsjá þess skv. 67. gr. a eða 67. gr. b skal barnaverndarnefnd sem farið hefur með málið kanna sérstaklega þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning. Ef þörf krefur skal barnaverndarnefnd í þessum tilvikum gera áætlun um stuðningsúrræði í samvinnu við foreldri skv. 23. gr.]¹⁾

□ Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

¹⁾ L. 80/2011, 38. gr.

■ **71. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 39. gr.

■ **72. gr. Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.**

□ Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá [foreldrum]¹⁾ og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

¹⁾ L. 80/2011, 40. gr.

■ **73. gr. Tilkynningar um gerð fóstursamnings.**

□ Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

□ Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í fóstri.

■ **74. gr. Umgengni í fóstri.**

□ Barn á rétt til umgengni við [foreldra]¹⁾ og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

□ [Foreldrar]¹⁾ eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

□ Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við [foreldra]¹⁾ og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. . . .¹⁾

□ Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við [foreldra]¹⁾ og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að [foreldri]¹⁾ skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða [úrskurðarnefndar velferðarmála]²⁾ var kveðinn upp.

□ Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart [foreldrum],¹⁾ ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

□ [Þeir sem umgengni eiga að rækja geta skotið úrskurði samkvæmt þessari grein til [úrskurðarnefndar velferðarmála].²⁾¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 41. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **[74. gr. a. Réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um umgengni.**

□ Ávallt skal kanna viðhorf fósturforeldra til umgengni áður en gengið er frá samningi eða kveðinn upp úrskurður um umgengni.

□ Fósturforeldrar barns í varanlegu fóstri eru aðilar að máli um umgengni skv. 74. gr. Þessir fósturforeldrar taka þannig þátt í gerð samnings um umgengni, geta óskað breytinga á áður ákvarðaðri umgengni, eru aðilar að úrskurðarmáli og geta skotið úrskurði um umgengni til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 42. gr.

■ **75. gr. Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.**

□ [Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara.

□ [Um skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð¹⁾ er ráðherra setur.]²⁾

□ Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skóla-skyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Um greiðslu kostnaðar vegna skólagöngu barnsins fer samkvæmt grunnskólalögum.³⁾

¹⁾ Rg. 804/2004. ²⁾ L. 134/2013, 1. gr. ³⁾ L. 80/2011, 43. gr.

■ **76. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 44. gr.

■ **77. gr.** *Endurskoðun fóstursamnings.*

□ Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubreysts, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarnefnd og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til.

□ Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana.

□ Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæranelegur til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **78. gr.** *Reglugerð.*

□ Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

¹⁾ Rg. 804/2004.

XIII. kafli. Heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins.

■ **79. gr.** *Heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk.*

□ [Ráðuneytið]¹⁾ ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,

b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,

c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

□ Barnaverndarstofa, í umboði [ráðuneytisins],¹⁾ annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. [Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta faglegri og fjárhagslegri yfirstjórn Barnaverndarstofu og getur hún mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra.]²⁾ Barnaverndarstofa veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning.

□ Komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraradila heimila skv. 1. mgr. má skjóta þeim ágreiningi til [ráðuneytisins].¹⁾ Sama á við ef ágreiningur rís um framkvæmd þjónustu milli einstaklings sem nýtur þjónustu á heimili skv. 1. mgr. eða forráðamanns hans annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar.

□ Um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana fer að öðru leyti eftir reglugerð sem [ráðherra]¹⁾ setur.

¹⁾ L. 162/2010, 24. gr. ²⁾ L. 80/2011, 45. gr.

■ **80. gr.** *Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr.*

□ Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. [Heimili sem barn er tengt tilfinningalegum tengslum skal ganga fyrir um vistun uppþylli það skilyrði laganna að öðru leyti og ef talið er barni fyrir bestu að vistast þar.]¹⁾

□ Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Í sérstökum tilvikum getur barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. . . .¹⁾ Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns.

□ Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úræði, [samninga um vistun barns og skyldur barnaverndarnefnda].¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 46. gr.

■ **81. gr.** *Réttur barns til umgengni.*

□ Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við [foreldra]¹⁾ og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

□ [Foreldrar]¹⁾ eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálf gert kröfu um umgengni.

□ Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarnefnd leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

□ Barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni [foreldra]¹⁾ og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að [foreldri]¹⁾ skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

□ Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða [úrskurðarnefndar velferðarmála]²⁾ var kveðinn upp.

□ Barnaverndarnefnd skal leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

□ Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart [foreldrum],¹⁾ ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

□ Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kærnanlegir til [úrskurðarnefndar velferðarmála].²⁾

¹⁾ L. 80/2011, 47. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **82. gr. Réttindi barns og beiting þvingunar.**

□ [Öll starfsemi heimila og stofnana skv. 79. gr. skal miða að því að tryggja börnum rétt til einkalífs, rétt til að ráða persónulegum högum sínum og rétt til að hafa samskipti við aðra, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins og þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á starfsemiinni, velferð og öryggi barnsins og annarra.]¹⁾

□ Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Barni sem er vistað á heimili skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

□ Óheimilt er að:

a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,

[b. beita þvingunarráðstöfunum eða alvarlegum agaviðurlögum nema það teljist nauðsynlegt til að ná lögmætum markmiðum, til verndar lífi, heilsu og þroska viðkomandi barns eða annarra barna, lífi eða heilsu starfsmanna eða til verndar eignum,

c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema nauðsyn beri til, m.a. að teknu tilliti til markmiðs vistunar.]¹⁾

□ Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu:

a. um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra,

b. sem miðar að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni eða hættulegir munir berist inn á heimili,

c. um meðferð á persónulegum fjárumum og eigum barns.

□ Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

□ Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barns og foreldra þess til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til [úrskurðarnefndar velferðarmála].²⁾

¹⁾ L. 80/2011, 48. gr. ²⁾ L. 85/2015, 13. gr.

■ **83. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 49. gr.

XIV. kafli. Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

■ **84. gr. Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.**

□ Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar

á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,

b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

□ Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

□ Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. [Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum leyfi til að reka heimili og önnur úrræði skv. 1. mgr.]¹⁾

□ Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

□ [Ráðherra setur reglugerð²⁾ um úrræði samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.]¹⁾

□ [Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við að bæta úr því sem áfátt er með leiðbeiningum og áminningum til barnaverndarnefndar og veita tiltekinn frest til þess. Ef ekki er bætt úr innan frests eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg getur stofan svipt viðkomandi leyfi til áframhaldandi reksturs.]¹⁾

¹⁾ L. 134/2013, 2. gr. ²⁾ Rg. 652/2004.

■ **85. gr. Stuðningsfjölskyldur.**

□ Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

¹⁾ Rg. 652/2004.

■ **86. gr. Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.**

□ Þeir sem óska eftir að taka barn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjú mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

¹⁾ Rg. 652/2004.

XV. kafli. Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

■ **87. gr. Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.**

□ Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

■ **88. gr. Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.**

□ Ríkið ber kostnað sem hlýst af . . .¹⁾ starfsemi á vegum Barnaverndarstofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

□ [Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá

sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.]²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 134/2013, 3. gr.

■ **89. gr. Framfærsluskýlda foreldra.**

□ Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskýldir gagnvart því.

□ Barnaverndarnefnd getur krafði foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæránlegur til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾

□ Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

□ Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr.

[XV. kafli A. Mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 54. gr.

■ **[89. gr. a. Markmið.**

□ Markmið mats og eftirlits með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis er að:

a. tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt ákvæðum laga þessara,

b. tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt,

c. auka gæði úrræða og stuðla að umbótum og

d. safna upplýsingum um vistun barna utan heimilis, þörf fyrir úrræði, nýtingu, árangur og þróun.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 54. gr.

■ **[89. gr. b. Hlutverk barnaverndarnefndar.**

□ Hver barnaverndarnefnd metur gæði og árangur visturræða á vegum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd aflar nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Barnaverndarnefnd skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

□ Barnaverndarnefnd skal heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum nefndarinnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það.

□ Barnaverndarnefnd skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili, stofnun eða í öðru visturræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

□ Ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu reglugerð um eftirlit barnaverndarnefnda, m.a. um heimsóknir á fósturheimili.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 54. gr.

■ **[89. gr. c. Hlutverk Barnaverndarstofu.**

□ Barnaverndarstofa metur þörf fyrir úrræði fyrir börn sem vistast utan heimilis, safnar upplýsingum um ráðstafanir og

metur árangur tiltekinna úrræða með það að markmiði að auka gæði og stuðla að umbótum.

□ Barnaverndarstofa metur gæði og árangur þeirra úrræða sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr.

□ Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. 84. gr. uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og stöðlum. Ef Barnaverndarstofa telur að úrræði uppfylli ekki þær kröfur sem eru gerðar getur stofan svipt barnaverndarnefnd leyfi til að nýta tiltekið úrræði.

□ Barnaverndarnefnd getur skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar til [úrskurðarnefndar velferðarmála].¹⁾²⁾

¹⁾ L. 85/2015, 13. gr. ²⁾ L. 80/2011, 54. gr.

■ **[89. gr. d. Hlutverk ráðuneytisins.**

□ Ráðuneytið hefur eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli hverju sinni þær kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, stöðlum og þjónustusamningum þegar það á við. Í þessu skyni felur ráðuneytið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili og stofnanir skv. 79. gr. að lágmarki einu sinni á ári. Sérfræðingur skal sérstaklega leitast við að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska og markmið með vistun.

□ Ráðuneytið setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um mat og eftirlit samkvæmt ákvæðum kaffla þessa, m.a. nánar um markmið, áherslur og aðferðir.]¹⁾

¹⁾ L. 80/2011, 54. gr.

XVI. kafli. Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

■ **90. gr. Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.**

□ Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

□ Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

□ Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

□ Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi forsjáforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

■ **91. gr. Önnur vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda.**

□ Þeir sem óska eftir því að taka barn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

□ Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

□ [Sækja skal um leyfi samkvæmt ákvæði þessu fyrir heimili fyrir börn sem glíma við fjölþættan vanda þó svo að starfsemi slíkra heimila heyri jafnframt undir önnur lög, t.d. lög um málefni fatlaðs fólks.]²⁾

¹⁾ Rg. 366/2005. ²⁾ L. 80/2011, 55. gr.

XVII. kafli. Almenn verndarákvæði.

■ 92. gr. Útivistartími barna.

□ Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannaferi eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannaferi eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

□ Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

■ 93. gr. Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

□ Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. . . .¹⁾ Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

□ Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

□ Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. . . .²⁾

¹⁾ L. 62/2006, 7. gr. ²⁾ L. 58/2012, 8. gr.

■ 94. gr. Skyldur foreldra og forráðamanna.

□ Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og virði aldursmörk og annað í því sambandi. Þeim ber jafnframt, eftir því sem í þeirra valdi er, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því.

■ 95. gr. Almenn eftirlit barnaverndarnefnda.

□ Barnaverndarnefndir skulu eftir föngum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfiþættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal nefndin koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

XVIII. kafli. Refsiákvæði o.fl.

■ 96. gr. Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að

koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

□ Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hættu búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

■ 97. gr. Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

□ Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögmætum fyrir-mælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

□ Hver sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 58/2012, 8. gr.

■ 98. gr. Brot umsjáráðila gagnvart barni.

□ Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

■ 99. gr. Brot gagnvart börnum.

□ [Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.]¹⁾

□ [Hver sá sem hyetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða annarrar hegðunar sem stefnir heilsu barnsins og þroska eða lífi og heilsu annarra í alvarlega hættu skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.]²⁾

□ Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

¹⁾ L. 52/2009, 3. gr. ²⁾ L. 80/2011, 56. gr.

■ 100. gr. Lagaskil.

□ Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottid af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

□ Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

□ Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

■ 101. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

□ . . .

□ Ákvæði 4. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrir en 1. janúar 2003.